

Samstarfssamningur

Háskóla Íslands, Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann og Íslenskrar erfðagreiningar um kennslu og rannsóknir í félags- og heilbrigðisví sindum á sviði fíknar

1 Inngangur

1.1 Aðilar

Aðilar samnings þessa eru: i) Háskóli Íslands (HÍ), kt. 600169-2039 vegna viðkomandi fræðasviða og háskóladeilda, ii) SÁÁ – sjúkrastofnun (SÁÁ) kt. 680172-0139 og iii) Íslensk erfðagreining (ÍE) kt. 691295-3549.

1.2 Staðfesting

Samningurinn tekur gildi er hann hefur verið undirritaður og hlotið samþykki rektors, stjórnar SÁÁ og forstjóra ÍE.

1.3 Samstarfsnefnd

Í samstarfsnefnd um málefni samningsins, framkvæmd hans og samskipti samningsaðila sitja sex einstaklingar skipaðir til þriggja ára í senn. Tveir eru skipaðir af háskólarektor, tveir af stjórn SÁÁ og tveir af forstjóra ÍE.

1.4. Gildistími

Samningurinn er gerður til fimm ára og gildir til 31. desember 2017. Heimilt er að gera breytingar á honum á samningstímanum.

2 Markmið, hlutverk og gildissvið

Meginmarkmið samningsins er að efla gæði meðferðar við fíknisjúkdómum og þekkingu á þeim.

Í því skyni verður samstarf Háskóla Íslands, SÁÁ og ÍE styrkt um málefni er snúa að fíknisjúkdómum. Nýtt verður sú sérþekking, kunnátta, efniviður og aðstaða sem samningsaðilar búa yfir.

Þróaðir verða námskostir til framhaldsmenntunar, endurmenntunar, forvarna, fræðslu og rannsókna á sviði fíknisjúkdóma sem nýst geta sjúklingum, almenningi og þeim heilbrigðisstéttum og öðrum meðferðaraðilum sem koma að meðhöndlun fíknar.

Stuðlað verður að framgangi víssendarannsókna hjá SÁÁ, m.a. með því að nemendur HÍ sem eru í rannsóknatengdu framhaldsnámi vinni að verkefnum á vettvangi SÁÁ samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Slíkur samningur myndi ná yfir aðgengi að gögnum, gagnavinnslu og aðra aðstöðu til fullvinnslu rannsókna í samræmi við reglur hvorras stofnunar fyrir sig.

Stuðlað verður að rannsóknum á erfðum fíknisjúkdóma til að hægt verði að þróa erfðafræðileg og lyfjaerfðafræðileg greiningarpróf til að greina og velja bestu með-

K. S.
JH

ferðarúrræði til að meðhöndla fíkn hjá einstaklingum og sjúklingahópum með hliðsjón af arfgerð. Til að ná ofangreindu markmiði verður leitað samstarfs við leiðandi erlenda vísindamenn og stofnanir sem styrkja rannsóknir á þessu sviði.

3 Starfsmannamál

3.1 Starfstengsl

Á grundvelli þessa samnings geta starfstengsl háskólamaðanna við SÁÁ verið með tvennu móti:

Annars vegar er háskólamaðni veitt tiltekin aðstaða innan SÁÁ – tengd staða – án ráðningarsamnings við SÁÁ. Háskólamaður með slík starfstengsl við SÁÁ hefur, á grundvelli ákvörðunar samstarfsnefndar og eftir því sem unnt er, rétt til þeirrar aðstöðu sem honum er nauðsynleg til þess að geta sínt kennslu- og rannsóknahlutverki sínu og stjórnun þeirra þátta. Gagnvart SÁÁ hefur viðkomandi háskólamaður þær starfsskyldur að taka þátt í uppbyggingu fræðasviðs/fræðigreinar innan SÁÁ.

Hins vegar er háskólamaður ráðinn til starfa innan SÁÁ samhliða háskólastarfinu, þ.e. í samhliða starf með gerð sérstaks ráðningarsamnings við SÁÁ. Þessi starfstengsl eru nánari en þau sem felast í tengdri stöðu og byggjast á því að háskólamaður er ráðinn sérstaklega í starf sem auglýst er og ráðið í af SÁÁ samhliða og að teknu tilliti til háskólastarfsins og þess umsækjanda sem í það er ráðinn. Í því tilviki hefur háskóla- maðurinn two ráðningarsamninga, annars vegar um starfið við HÍ og hins vegar um starfið við SÁÁ. Í því tilviki er um að ræða two launagreiðendur.

Hvor aðili hefur formlegt forræði á ráðningum til starfa við sína stofnun. Þegar fyrir- hugað er að ráða sama einstakling til beggja stofnana í samhliða störf munu aðilar hafa samráð um auglýsingar viðkomandi starfa og heimilt er að skipa sameiginlega valnefnd. Ef af ráðningu verður á þeim forsendum er fjallað um starfstengsl í ráðningarsamningum við báðar stofnanirnar.

3.2 Kennsla í verklegu námi

Háskóladeildir og einstakir kennrarar geta, að fengnu samþykki yfirlæknis SÁÁ, leitað til starfsmanna hans um kennslu nemenda í verklegu námi á SÁÁ. Auk starfa sinna við meðferð sjúklinga taka þessir starfsmenn því þátt í verklegri kennslu með því að leiðbeina nemendum við úrlausn viðfangsefna í samræmi við námslýsingu og/eða óskir viðkomandi háskólakennara. Þessi kennsla innan vébanda SÁÁ er á faglegi ábyrgð yfirlæknis SÁÁ í samráði við kennara HÍ.

3.3 Leiðsögn og kennsla í rannsóknatengdu námi

HÍ og SÁÁ starfa saman að því að skapa aðstöðu eftir föngum fyrir rannsóknatengt nám samkvæmt nánari afmörkun. Námið skal vera undir yfirumsjón og á ábyrgð kennara við HÍ en í samstarfi við starfsmenn SÁÁ. SÁÁ getur nýtt sér vinnuframlag nemenda/kennara og niðurstöður rannsóknavinnunnar samkvæmt sérstöku samkomulagi hverju sinni.

3.4 Akademísk gestastörf

Til þess að tryggja markmið þessa samnings um náið og gagnkvæmt samstarf HÍ og SÁÁ munu forsetar Félagsvísindasviðs og Heilbrigðisvísindasviðs HÍ í umboði rektors og eftir atvikum forsetar annarra fræðasviða, stefna að því að bjóða völdum starfsmönnum SÁÁ að gegna akademískum gestastörfum við deildir, sbr. 13. gr. reglna

fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og verklagsreglur um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands, samb. í háskólaráði 7. desember 2006, með síðari breytingum, sem eru fylgiskjal með samningi þessum. Einstaklingar sem valdir eru til að gegna akademískum gestastörfum skulu ótvírætt uppfylla sömu kröfur um faglegt hæfi og gerðar eru til þeirra sem starfa við kennslu og sjálfstæðar rannsóknir innan Háskóla Íslands.

4 Nemendur

Nemendur HÍ sem stunda verklegt nám/rannsóknatengt nám á vettvangi SÁÁ samkvæmt samningi þessum hafa aðgang að bókasöfnum og upplýsingabjónustu HÍ. Þegar kemur að vinnu með skjólstæðingum skulu nemendur, eftir því sem við á, uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna SÁÁ, meðal annars um þagnarskyldu.

5 Rekstur og fjárhagsleg samskipti

Samningsaðilar eru sammála um að fjárhagsleg samskipti um störf og verkefni, sem samningurinn gerir ráð fyrir, verði milli stofnananna en snúi ekki að einstökum starfsmönnum.

Háskóladeildir greiða SÁÁ vegna rannsóknatengds náms samkvæmt reglum deildar þar um hverju sinni og samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi í hvert sinn. Að því marki sem ekki er um annað samið greiðir hvor aðili um sig sinn kostnað af framkvæmd samningsins eða framkvæmd einstakra verkefna. Samið skal fyrir fram um skiptingu kostnaðar vegna aðkeyptrar þjónustu eða annan sérstakan kostnað sem samningsaðilar þurfa að leggja í og telst ekki vera hluti af almennum daglegum rekstri samningsaðila.

Samningsaðilar eru sammála um að leggja mat á eðlilegan kostnað SÁÁ vegna verkegrar kennslu nemenda HÍ og annarrar akademískrar starfsemi og vinna saman að því að tryggja fjárveitingar til að standa undir þeim kostnaði.

6 Vísindarannsóknir og próunarverkefni

Aðilar munu vinna að stefnumótun um vísindi og rannsóknastörf sem tengjast markmiðum þessa samnings, með það í huga að efla akademískt rannsókna- og vísindastarf og styrkja þjónustuhlutverk SÁÁ. Sérstaklega verður tekið mið af vísinda- og menntastefnu HÍ og SÁÁ og möguleikum á eflingu rannsókna á erfðafræðilegum þáttum fíknar í samstarfi við ÍE. Í þágu rannsóknafrelsис skal eftir föngum tryggja greiðan aðgang að rannsóknaviðfangsefnum og heilsufarsupplýsingum vegna skilgreindra rannsóknaverkefna starfsmanna HÍ og SÁÁ.

Þá munu samningsaðilar vinna að eflingu þverfaglegra rannsókna í heilbrigðisvísinda greinum og leitast við að efla rannsóknasamstarf við aðra aðila innan og utan lands.

Samstarfsnefndin mun setja vinnureglur um samvinnu við vísindarannsóknir og próunarverkefni. Þar verði lýst skilyrðum um aðgang að heilsufarsupplýsingum og skjólstæðingum SÁÁ og þeim formlegu leiðum sem beiðnir um rannsóknarverkefni þurfa að fara eftir.


Við rannsóknir og verkefni samkvæmt starfssamningi þessum skal gæta ákvæða laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000, með síðari breytingum, og fyrirmæla Persónuverndar og stjórnar Persónuverndar. Enn fremur skal gæta

ákvæða reglugerðar um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 552/1999, með síðari breytingum, og fyrirmæla Vísindasiðaneftnar.


Reykjavík, 25. mars 2013



Kristín Ingólfssdóttir
rektor Háskóla Íslands



Gunnar Smári Egilsson
formaður stjórnar SÁÁ



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Vottar:

Fylgiskjal

Verklagsreglur um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands, samþ. í háskólaráði 7. desember 2006, með síðari breytingum.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands,

sbr. samp. háskólaráðs frá 7. desember 2006 og
13. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Bls.: 1 af 2

Ábm. JAB/MDB
Samp. í háskólaráði
6. júní 2007
Endursk. 7. febrúar 2013
Málsnúmer: HÍ13020024

1. Inngangur

Árið 2006 fól háskólaráð gæðanefnd að semja tillögur um fyrirkomulag akademískra gestastarfa við Háskóla Íslands. Tillögur nefndarinnar voru kynntar og ræddar í háskólaráði og á háskólfundi og formlega samþykktar á fundi háskólaráðs 7. desember 2006. Jafnframt fól ráðið gæðanefnd að semja verklagsreglur sem kveði m.a. á um þær faglegu kröfur sem gerðar eru til einstaklinga sem gegna akademískum gestastörfum við Háskóla Íslands og hvernig skuli staðið að matinu.

2. Verklagsreglur

2.1 Faglegar kröfur

Forseta fræðasviðs er heimilt, í umboði rektors, að bjóða völdum einstaklingi að gegna akademísku gestastarfi við deild. Þeir einstaklingar sem valdir eru skulu ótvírætt uppfylla sömu kröfur um faglegt hæfi og gerðar eru til þeirra sem starfa við kennslu og sjálfstæðar rannsóknir innan Háskóla Íslands.

2.2 Hæfismat

Háskóladeildir sem með samþykki forseta fræðasviðs hyggjast bjóða völdum einstaklingum að gegna akademískum gestastörfum skulu ganga úr skugga um að þeir uppfylli ótvírætt lágmarkskröfur um hæfi sem gerðar eru til þeirra sem hafa samsvarandi starfsheiti innan Háskóla Íslands. Komist deildirnar að þeirri niðurstöðu að svo sé skulu þær senda niðurstöðu sína ásamt ferilskrá viðkomandi einstaklinga og stuttum skriflegum rökstuðningi, þar sem m.a. komi fram hvaða störfum þeir muni gegna, til gæðanefndar háskólaráðs. Gæðanefnd aflar umsagnar vísinda- og nýsköpunarsviðs um akademískt hæfi viðkomandi einstaklinga og tekur, í umboði rektors, endanlega afstöðu til starfsveitingarinnar.

2.3 Fjöldi

Fjöldi þeirra sem gegna akademískum gestastörfum á hverjum tíma skal ekki vera meiri en sem nemur 20% af heildarfjölda fastra kennara í viðkomandi deild. Gæðanefnd heldur skrá yfir þá sem gegna akademískum gestastörfum á hverjum tíma.

2.4 Leiðbeining í rannsóknatengdu framhaldsnámi

Akademísk gestastörf fela í sér að viðkomandi einstaklingar séu viðurkenndir leiðbeinendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi innan viðkomandi deilda, enda uppfylli þeir þær kröfur sem Háskóli Íslands gerir að þessu leyti.

2.5 Réttur til setu á deildarfundum og fundum stjórna námsbrauta

Akademískir gestakennrar eiga rétt til setu á deildarfundum og fundum stjórna námsbrauta í viðkomandi deildum, sbr. 17. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.